



STARFSLEYFI

til að starfrækja heilsulind, sundlaug, sauna, eimbað, nuddstofu og snyrtistofu (Natura Spa) að Nauthólsvegi 52, F2028966, rými 0001.

Nafn leyfishafa: BERAYA HOTELS ICELAND hf.

Heimilisfang: Nauthólsvegi 52

Póstnúmer: 101

Kennitala: 621297-6949

Útgáfudagur leyfis: xx.xx 2025

Gildir til: xx.xx 2037

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og laga nr. 93/1995 um matvæli þegar um matvæli er að ræða. Leyfishafi skal hlíta ákvæðum framangreindra laga, einnig laga nr. 6/2002 um tóbaksvarnir með síðari breytingum. Einnig ákvæðum annarra laga, reglugerða og starfsleyfisskilyrða sem um starfsemina kunna að gilda.

Leyfið er einnig gefið út með *Starfsleyfisskilyrðum fyrir sund og baðstaði, Starfsleyfisskilyrði fyrir baðstofur sem reknar eru utan sundstaða, Starfsleyfisskilyrði fyrir snyrtistofur og skylda starfsemi og Starfsskilyrði fyrir nuddstofu.*

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi nema nýr rekstraraðili sæki um að leyfið færist yfir á hans nafn.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfinu þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess. Starfsleyfi þetta skal hanga uppi á áberandi stað.

Heimilt er að endurskoða starfsleyfi þegar þörf krefur. Leyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá.



Reykjavík

Umsókn um starfsleyfi til Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Umsókn móttokin

02-06-2025 14:03

Tungumál á Mínum síðum: IS

Skilmálar

Já, ég samþykki!

✓

Tegund umsóknar

Vinsamlegast hakið við það sem við á
Endurnýjun leyfis

Starfsemi hefst
01-08-2025

Starfsstöð og fyrirtæki

Heiti starfsstöðvar
Natura Spa

Aðsetur starfsstöðvar
Nauthólsvegur 52

Póstnúmer aðseturs
102

Heimasíða

<https://naturaspa.is/>

Nafn fyrirtækis

Berjaya Reykjavík Natura

Kennitala fyrirtækis

6212976949

Lögheimili fyrirtækis

Nauthólsvegur 52

Póstnúmer fyrirtækis

102

Forsvarsmaður

Nafn forsvarsmanns

Ólöf Guðmundsdóttir

Hvar fer starfsemin fram?

Hvar fer starfsemin fram?

Í fasteign

Fasteignanúmer

F2028966

Rýmisnúmer

010101

Starfsemi

Hvers konar starfsemi?

Mengandi starfsemi

Nánari lýsing á starfseminni

Natura Spa er sundlaug, snyrti og nuddstofa sem rekin er á Hótel Reykjavík Natura. Starfssemin er rekin í samræmi við lög um mengunar og hollustuhætti og er fyrirtækið með vottun frá BSI

Fylgigögn

Viðbótargögn

Natura_grunnmyndir_2.pdf



Reykjavík, 10. júní 2025
USK25060016

UMSÖGN BYGGINGARFULLTRÚA: Starfsleyfi

Viðtakandi: Ólöf Guðmundsdóttir

Sendandi: Byggingarfulltrúi

Heimilisfang: Nauthólsvegur 52

Merking: 01-0101 fasteignanúmer F2028966 (starfsemin fer fram í rými 0001)

Starfsemi: Sundlaug, nudd og snyrtistofa.

Byggingarfulltrúi gerir ekki athugasemdir við að Heilbrigðiseftirlitið gefi út starfsleyfi fyrir Sundlaug, nudd- og snyrtistofu að Nauthólsvegi 52 á vegum Berjaya Hotels Iceland hf. kt 621297-6949

Húsnæðið heimilar þessa notkun.

Samkvæmt heimildum byggingarfulltrúa er ekki séð að breyting hafi átt sér stað á húsnæðinu frá samþykktum aðaluppdráttum dags. 01.12.2015 (BN050033) – ef svo er ber að sækja um byggingarleyfi hjá byggingarfulltrúa Reykjavíkur.

Virðingarfyllst,
Berglind Björg Sigvaldadóttir
Byggingarfulltrúi
Umhverfis- og skipulagssvið



Reykjavík

STARFSSKILYRÐI FYRIR nuddstofu

Samræmd starfsskilyrði vegna hollustuhátta, skv. 5 gr. reglugerðar um skráningarskyldan atvinnurekstur nr. 830/2022, sbr. 8. gr. laga nr. /1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Rekstraraðila ber ávallt að uppfylla gildandi lög og reglugerðir á starfssviði sínu og haga starfsemi í samræmi við gildandi delliskipulag.

1. ALMENN ÁKVÆÐI OG GILDISSVIÐ

		Rgl.nr.
1.1	Starfsskilyrði þessi gilda fyrir nuddstofu.	830/2022 Viðauki
1.2	Starfsskilyrðin gilda aðeins í húsnæði sem tilgreint er við skráningu og hlotið hefur staðfestingu leyfisveitanda byggingarleyfis á því að starfsemin sé í samræmi við samþykka notkun húsnæðisins.	941/2002 14. gr.
1.3	Óheimilt er að hefja skráningarskyldan atvinnurekstur fyrr en skráning hefur farið fram, skráningargjald greitt og rekstraraðili fengið senda staðfestingu	830/2022, 3. gr.
1.4	Ef um annan skráningar- eða starfsleyfis skyldan rekstur er að ræða samhliða, gilda um það viðeigandi skráningar- eða starfsleyfis skilyrði.	941/2002 13. gr. 830/2022 6.gr
1.5	Rekstraraðili ber ábyrgð á rekstri fyrirtækis að öllu leyti, þar með talið að lögum, reglum og almennum kröfum sem eiga við um starfsemina sé fylgt, sem og kröfum í starfsskilyrðum.	941/2002 3. og 14. gr. 830/2022 6. gr.
1.6	Staðfesting á skráningu skal vera sýnileg með áberandi hætti á starfsstöð.	830/2022, 6. gr.
1.7	Rekstraraðila ber að skrá upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á skráningarskyldri starfsemi með hæfilegum fyrirvara á vefsetrinu island.is. Óheimilt er að gera breytingar á starfsemi fyrr en rekstraraðili hefur greitt breytingargjald og fengið senda staðfestingu um breytta skráningu.	830/2022, 7. gr,
1.8	Rekstraraðili skal afskrá starfsemi sína á vefsetrinu island.is þegar starfsemi er hætt. Hafi rekstraraðili ekki afskráð starfsemi sína og starfsemin er sannarlega ekki lengur starfandi eða ef starfsemi fellur ekki lengur undir skilyrði um skráningarskylda starfsemi er hlutaðeigandi heilbrigðisnefnd heimilt að afskrá starfsemina þegar lögbundinni málsmeðferð er lokið.	830/2022, 11. gr.

2. HÚSNÆÐI OG BÚNAÐUR

		Rgl.nr.
2.1	Fyrirtækið virði það skipulag og nýtingu lóðar sem samþykkt hefur verið af byggingaryfirvöldum.	112/2012
2.2	Fara skal eftir fyrirmælum heilbrigðisnefndar vegna öryggisþátta.	941/2002 14. gr.
2.3	Lóð og húsnæði skal vera snyrtilegt og vel við haldið. Við húsnæðið skal vera viðurkennt sorphlát.	941/2002 14. gr. 112/2012 6.12.6. gr.
2.4	Húsnæði skal vera aðskilið frá óskyldum atvinnurekstri eða íbúðarhúsnæði.	941/2002 14. gr.
2.5	Húsnæðið skal vera rúmgott, bjart, hæfilega hitað og loftræst á fullnægjandi hátt. Heitt og kalt vatn skal vera til staðar.	941/2002 14. gr.
2.6	Gámum og öðrum ílátum undir úrgang skal haldið heilum og þrifalegum.	737/2003 17. gr.
2.7	Aðgangur skal vera að neysluvatni, um gæði þess gilda ákvæði reglugerðar um neysluvatn.	941/2002 14. gr. 536/2001
2.8	Gólf, veggir, loft og annar samsvarandi húsbúnaður skal vera gerður úr eða klæddur efni sem auðvelt er að þrifa.	941/2002 14. gr.
2.9	Loftræst ræstiaðstaða með skolvaski skal vera til staðar á hverri hæð eða rekstrareiningu.	941/2002 14. gr.
2.10	Viðskiptavinir skulu hafa greiðan aðgang að fullbúinni snyrtingu. Um fjölda snyrtinga er vísað í fylgiskjal 2 í reglugerð um hollustuhætti. Handlaug með heitu og köldu vatni og tilheyrandi hreinlætisbúnaði skal vera til staðar ásamt ruslafötu með loki. Salernisklefar og anddyri skulu vera úr eða klædd efni sem auðvelt er að þrifa. Þar sem skilrúm salernisklefa ná ekki niður að gólfi og upp að lofti skulu salernisrými vera aðgreind fyrir konur og karla. Gerð salerna skal að öðru leyti vera í samræmi við ákvæði byggingareglugerðar.	112/2012 6.8.4 gr. 941/2002 15. gr.
2.11	Fatahengi skal vera fyrir yfirhafnir viðskiptavina.	941/2002 14. gr.
2.12	Sérstök handlaug með fljótandi handsápu, gerlaeyði og einnota handþurrkum eða handþurrkum á rúllu skal vera í eða í tengslum við vinnurými eftir því sem við á.	941/2002 43. gr.
2.13	Borð og þvottalaug skal vera til staðar til þvotta og sótthreinsunar á áhöldum og/eða fyrir meðhöndlun sterkra efna.	941/2002 43. gr.
2.14	Þar sem notuð eru margnota áhöld sem snerta eða fara í gegnum húð viðskiptavina skal vera til staðar útbúnaður til dauðhreinsunar áhalda.	941/2002 43. gr.
2.15	Vatnskerfi skal vera þannig að ekki sé hætta á húðbruna almenns notanda. Uppfylla skal kröfur um öryggi vatns í samræmi við byggingareglugerð. Vatnshiti á ekki að fara yfir 43°C á töppunarstað.	941/2002 14. gr. 112/2012 14.5.10 gr.

3. HREINLÆTI OG ÞRIF

		Rgl.nr.
3.1	Húsnæði og öll aðstaða skal þrifu daglega eða oftár eftir þörfum. Hreinlætisáætlun skal vera skrifleg. Allsherjarhreingerning eða málun skal fara fram eftir þörfum.	941/2002 11. og 14. gr.
3.2	Loftræstikerfi skal hreinsa og þjónusta reglulega. Þjónustuhandbók eða samsvarandi leiðbeiningar fyrir loftræstikerfi skulu vera aðgengilegar fyrir eftirlitsaðila.	941/2002 14. og 11. gr.
3.3	Handklæði, ábreiður eða tauhlífar skal þvo við að lágmarki 60°C og geyma í lokuðum skápum eða ílátum. Nota skal hreinan búnað, ábreiður og hlífar við hvern viðskiptavin.	941/2002 43. gr.
3.4	Ekki má hleypa hundum, köttum eða öðrum dýrum inn í húsnæðið nema að fenginni undanþágu frá ráðherra.	941/2002 19. gr.
3.5	Fara skal að ákvæðum laga um tóbaksvarnir. Um notkun rafretta fer samkvæmt lögum um rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur.	Lög nr. 6/2002, lög nr. 87/2018. gr. 12.

4. SÓTTVARNIR

		Rgl.nr.
4.1	Ávallt skal hreinsa, sóttreinsa og dauðhreinsa tæki og búnað með viðeigandi efnum og aðferðum.	941/2002 43. gr.
4.2	Margnota áhöld sem snerta eða fara í gegnum húð viðskiptavinar skulu dauðhreinsuð og þökkuð á viðurkenndan hátt.	941/2002 43. gr.
4.3	Hrein og sóttreinsuð eða dauðhreinsuð áhöld og búnaður skal notaður við hvern viðskiptavin. Nota skal einnota dauðhreinsuð áhöld og búnað þar sem því verður við komið.	941/2002 43. gr.
4.4	Ef upp kemur sjúkdómur eða smit meðal starfsfólks eða viðskiptavina sem ætla má að tengist fyrirtækinu ber að tilkynna atvikið til heilbrigðisyfirvalda, þ.e. sóttvarnarlæknis eða yfirlæknis heilsugæslu.	941/2002 43. gr.

5. HÁVAÐI

		Rgl.nr.
5.1	Um hávaða gildir reglugerð um hávaða.	724/2008

6. MATVÆLI

		Rgl.nr.
6.1	Um matvæli gilda lög nr. 93/1995 um matvæli með áorðnum breytingum og	Lög nr. 93/1995

reglugerðum settum samkvæmt þeim.	
-----------------------------------	--

7. UMHVERFISMÁL

		Rgl.nr.
7.1	Frágangur fráveitu skal vera fullnægjandi. Fara skal að ákvæðum reglugerðar um fráveitur og skólþ eftir því sem við á.	798/1999
7.2	Frágangur sorpíláta skal vera fullnægjandi, þau heil, hrein og meindýraheld.	941/2002 14. gr.
7.3	Leitast skal við að nota umhverfisvæn efni til þrifa o.þ.h. þar sem því verður við komið og forðast óþarfa notkun á efnavöru.	941/2002, 14. gr.
7.4	Oddhvössum hlutum, s.s. rakvélablöðum ásamt spilliefnum og umbúðum þeirra skal koma til viðeigandi förgunar.	941/2002, 43. gr.
7.5	Leitast skal við að draga úr sorpmyndun og auka endurvinnslu úrgangs.	737/2003

8. EFTIRLIT

		Rgl.nr.
8.1	<p>Heilbrigðisnefnd fer með eftirlit með starfsemi rekstraraðila.</p> <p>Eftirlit felst í umsjón með lögbundnum skilum, yfirferð og mati á gögnum. Jafnframt felst eftirlit reglubundinni skoðun á vettvangi, móttöku athugasemda og fyrirspurna. Eftir hvert eftirlit tekur eftirlitsaðili saman skýrslu.</p> <p>Tíðni eftirlits skal byggð á áhættumati, sbr. 54. gr. laga nr. 7/1998 og 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018.</p> <p>Viðbótareftirlit getur farið fram m.a. vegna nýs búnaðar, til rannsóknar á alvarlegum ábendingum vegna umhverfisins, alvarlegum umhverfisslysum, óhöppum og tilvikum þar sem reglum er ekki fylgt eða sérstakra úttekta vegna áætlana sem rekstraraðili hefur gert um úrbætur.</p>	941/2002, XVI. kafli, 830/2022., 8. gr. lög nr. 7/1998, XIV. kafli.
8.2	Eftirlitsaðila skal heimill aðgangur til skoðunar og eftirlits, þar á meðal töku sýna og myndatöku.	Lög nr. 7/1998, 62. gr.
8.3	Heilbrigðisnefnd getur gert kröfu um innra eftirlit vegna starfseminnar.	941/2002, 9. gr.
8.4	Heilbrigðisnefnd getur sett fram kröfur sem ekki koma fram í skilyrðum þessum, en þó ávallt í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og almennra krafna sem eiga við um starfsemina.	

9. VALDSVIÐ, VIÐURLÖG OG ÞVINGUNARÚRRÆÐI

		Rgl.nr.
9.1	Rekstraraðili ber að fylgja fyrirmælum viðkomandi heilbrigðisnefndar um kröfur og starfshætti sem varða hollustuhætti. Nefndin getur beitt þvingunarúrræðum skv. XVIII. kafla reglugerðar nr. 941/2002 og XVII. kafla laga nr. 7/1998 ef frávik verða frá skilyrðum. Þá getur heilbrigðisnefnd upplýst Umhverfisstofnun um frávik þar sem kemur til að beita stjórnvaldssektum, sbr. XIX. kafli laganna.	941/2002, XVII. kafli Lög nr. 7/1998

Starfsskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:

- Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir,
- reglugerð nr. 830/2002 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um, hollustuhætti og mengunarvarnir,
- Reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti,
- Reglugerð nr. 536/2011 um neysluvatn,
- Reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs,
- Reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp,
- Lögum nr. 6/2002 um tóbaksvarnir,
- Lög nr. 87/2018 um nikótínvörur, rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur
- Lögum nr. 93/1995 um matvæli,
- Byggingarreglugerð nr. 112/2012,
- Reglugerð nr. 724/2088 um hávaða.

STARFSLEYFISSKILYRÐI FYRIR BAÐSTOFUR SEM REKNAR ERU UTAN SUNDSTAÐA

Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna hollustuhátta, sbr. lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum

1. ALMENN ÁKVÆÐI OG GILDISSVIÐ

		Rgl.nr.	Uppfyllt
1.1	Skilyrðin gilda fyrir baðstofur eða baðhús, sem er klefi eða aflokað rými sem hitað er upp með vatnsgufu, svokallað eimbað, eða sánabað sem oftast er hitað upp með rafmagni.	L. 7/1998. 4. gr. Rgl. 941/2002. og 7. gr. Rgl. 814/2010, 2. gr.	
1.2	Starfsleyfið gildir aðeins í húsnæði sem tilgreint er í starfsleyfinu og hlotið hefur staðfestingu leyfisveitanda byggingarleyfis á því að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun húsnæðisins. Á starfsleyfisumsókn skal koma fram fastanúmer fasteignar og eigandi/eigendur. Starfsleyfi skal hanga uppi á áberandi stað. Skrá skal leyfilegan hámarksfjölda gesta í starfsleyfi.	Rgl. 941/2002, 13. og 14. gr. Rgl. 814/2010, 8. gr.	
1.3	Rekstraraðila ber að veita heilbrigðisnefnd upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á starfsemi sem varða ákvæði starfsleyfis með hæfilegum fyrirvara.	Rgl. 941/2002, 12. gr.	
1.4	Ef um annan starfsleyfisskyldan rekstur er að ræða samhliða gilda viðeigandi starfsleyfisskilyrði.	Rgl. 941/2002, 7. gr.	
1.5	Aðgangur skal vera að neysluvatni, um gæði þess gilda ákvæði reglugerðar um neysluvatn.	Rgl. 941/2002, 14. gr.	
1.6	Rekstraraðili ber ábyrgð á rekstri fyrirtækis að öllu leyti þar með talið að lögum og reglum, sem eiga við um starfsemina sé fylgt sem og kröfum í starfsleyfi.	Rgl. 941/2002, 13. og 14.	

2. HÚSNÆÐI OG BÚNAÐUR



		Rgl.nr.	Uppfyllt
2.1	Mannvirki og búnaður á sund- og baðstöðum skal þannig gerður og viðhaldið að fyllsta öryggis og þrifnaði verði komið við.	Rgl. 814/2010, 8. gr.	
2.2	Húsakynni skulu vera rúmgóð, björt, hæfilega hituð og loftræst á fullnægjandi hátt.	Rgl. 941/2002, 14. gr.	
2.3	Húsnæði skal vera vel viðhaldið. Húsnæði skal vera aðskilið frá óskyldri starfsemi eða íbúð.	Rgl. 941/2002, 14. gr.	
2.4	Gólfefni skal uppfylla viðeigandi staðla um hálkuvíðnám.	Rgl. 814/2010, 8. gr.	
2.5	Gestir skulu hafa aðgang að fullbúinni snyrtingu, sem er loftræst með opnanlegum glugga eða vélrænni loftræsingu. Ruslafata með loki skal vera í hverju salernisrými. Þar sem samtímis geta dvalið allt að 50 gestir skal vera a.m.k. eitt salerni ásamt handlaug fyrir hvort kyn. Fyrir hverja 100 gesti til viðbótar bætist við eitt salerni fyrir hvort kyn. Fyrir nýtt húsnæði og breytingar á húsnæði gilda ákvæði byggingarreglugerðar nr. 112/2012.	Rgl. 941/2002, 15. gr.	
2.6	Læst og loftræst ræstiaðstaða með skolvaski skal vera til staðar. Þar skal vera nægilegt geymslurými fyrir ræstiahöld og efnavöru.	Rgl. 941/2002, 14. gr.	
2.7	Vatnshiti í sturtum og handlaugum skal ekki vera hærri en 43°C og skal það tryggt með sjálfvirkum hitastýrðum blöndunartækjum og segulloka eða öðrum sambærilegum búnaði.	Rgl. 814/2010, 12. gr.	
2.8	Þess skal gætt að baðstofa sé loftræst á viðeigandi hátt. Lýsing skal vera í klefanum og neyðarhnappur tengdur við neyðarkerfi skal vera í baðklefa. Hurð skal opnast auðveldlega út úr klefanum. Á klefanum skal vera gagnsætt efni, sjónop eða á annan hátt möguleiki til eftirlits vegna öryggis gesta sem í klefanum dvelja. Aðgangur skal vera að sturtu í beinum tengslum við baðstofu.	Rgl. 814/2010, 10. gr.	
2.9	Hitagjafir, ofnar og útstreymisop, skulu varin þannig að ekki sé hætt á að af þeim hljótist slys.	Rgl. 814/2010, 10. gr.	
2.10	Í eða við baðstofur skulu vera mælar sem sýna raka- og hitastig í klefanum og skulu þeir vera þannig staðsettir að gestir eigi auðvelt með að fylgjast með þeim. Sama á við um brennisteinsvetnismæla þegar þannig háttar til.	Rgl. 814/2010, 10. gr.	

2.11	Miða skal við a.m.k. 0,5 m ² búningsaðstöðu fyrir hvern gest. Þar skal einnig vera baðaðstaða og greiður aðgangur að fullbúinni snyrtingu.	Rgl. 814/2010, 9. gr.	
2.12	Aðgangur skal vera að salerni við sturtur. Við mat á nauðsynlegum fjölda sturta skal miða við það að hver sturta sé notuð af 12 manns á klukkustund. Aldrei skulu þó vera færri en tvær sturtur fyrir hvort kyn. Í baðaðstöðu skulu gestir hafa aðgang að mildri fljótandi húðsápu og aðstaða skal vera til að sinna ungbörnum á öruggan hátt.	Rgl. 814/2010, 9. gr.	

3. HREINLÆTI OG ÞRIF

Rgl.nr. Uppfyllt

3.1	Húsnæði og öll aðstaða skal þrífín daglega eða oftár eftir þörfum. Hreinlætisáætlun skal vera skrifleg og skal fela í sér umgengnisreglur og áætlanir eftir því sem við á, s.s. um meindýravarnir, þrif og gerileyðingu. Allsherjarhreingerningu skal gera minnst árlega. Við þrif er nauðsynlegt að nota efni sem henta hverju sinni t.d. vegna útfellinga sem geta myndast við blöndun á jarðhitavatni og köldu vatni.	Rgl. 941/2002, 11. og 14. gr.	
3.2	Gólfefni og frágangur húsnæðis skal vera þannig að þrif séu auðveld.	Rgl. 941/2002, 14. gr.	
3.3	Loftræsikerfi skal hreinsa og þjónusta reglulega. Þjónustuhandbók eða samsvarandi leiðbeiningar fyrir loftræsikerfi skulu vera aðgengilegar fyrir eftirlitsaðila.	Rgl. 941/2002, 15. gr.	
3.4	Reykingar eru bannaðar þar sem almenningur leitar þjónustu.	Lög nr. 6/2002.	
3.5	Ekki má hleypa hundum, köttum eða öðrum dýrum inn í húsnæðið.	Rgl. 941/2002, 19. gr.	
3.6	Gæta skal fyllsta hreinlætis og snyrtimennsku. Allur búnaður skal vera hreinn og heill.	Rgl. 941/2002, 14. gr.	

4. MATVÆLI

4.1	Um matvæli gilda lög nr. 93/1995 um matvæli með síðari breytingum og reglugerðum settum samkvæmt þeim.	Rgl.nr. Lög nr. 93/1995	Uppfyllt
-----	--	-------------------------------	----------

5. ÖRYGGI OG SLYSAVARNIR

		Rgl.nr.	Uppfyllt
5.1	Á baðstað skulu vera öryggisreglur og neyðaráætlun. Þar skal jafnframt vera tiltækur viðurkenndur búnaður til skyndihjálpar. Skál sá búnaður yfirfarinn reglulega og starfsfólk þjálfað í notkun hans ásamt viðbrögðum við neyðartilvikum a.m.k. einu sinni á ári.	Rgl. 814/2010, 11. gr.	
5.2	Þar sem jarðgufa er notuð beint til upphitunar skal gæta þess að styrkur hættulegra gastegunda verði ekki of hár. Sýnt skal með mælingum að styrkur brennisteinsvetnis fari ekki yfir 10 ppm. Ef mælingar gefa til kynna að styrkur brennisteinsvetnis sé að jafnaði yfir leyfilegum mörkum skal gera viðeigandi ráðstafanir til úrbóta eða loka jarðgufunni að öðrum kosti. Skráningar yfir mælingar á brennisteinsvetni sé jarðgufa notuð skulu aðgengilegar eftirlitaðila. Verklagsreglur við frávikum (fari styrkur brennisteinsvetnis yfir 10ppm) skulu vera til staðar.	Rgl. 814/2010, 10. gr.	
5.3	Haldin skal skrá yfir slys sem verða í eða við laugar og skal hún vera heilbrigðiseftirliti aðgengileg.	Rgl. 814/2010, 15. gr.	
5.4	Lyf og hættuleg efni skulu geymd í læstum hirslum. Efnavara skal merkt á fullnægjandi hátt. Öryggisleiðbeiningar fyrir hættuleg efni skulu vera aðgengilegar.	Rgl. 941/2002, 14.gr. Rgl. 415/2014	
5.5	Einstaklingum undir áhrifum áfengis eða annarra vímuefna er ekki heimill aðgangur að baðstöðum.	Rgl. 814/2010, 14. gr.	

6. LÓÐ OG UMHVERFISMÁL


		Rgl.nr.	Uppfyllt
6.1	Aðkoma og lóð skulu vera hrein og snyrtileg og uppfylla almenn öryggissjónarmið.	Rgl. 941/2002, 14. gr. og 18. gr.	
6.2	Gæta skal þess að gestir verði ekki fyrir ónæði s.s vegna hávaða og mengunar frá bílum í lausagangi.	Rgl. 941/20 02., 3. og 22.gr.	
6.3	Fara skal eftir ákvæðum reglugerðar um fráveitur og skólþ eftir því sem við á.	Rgl. 798/2002.	
6.4	Nota skal umhverfisvæn efni til þrifa o.þ.h. þar sem því verður við		

	komið og forðast óþarfa notkun á efnavöru.		
6.5	Starfsemin má ekki valda ónæði, sem er veruleg og ítrekuð truflun eða áreiti sem tilheyrir ekki því umhverfi sem um ræðir, s.s. vegna óþrifnaðar, ólyktar, hávaða eða titrings.	Rgl.941/2002., 3. og 22.gr.	
6.6	Fjöldi sörpíláta skal vera í samræmi við umfang starfsemi og skal staðsetning þeirra, frágangur og umhirða vera í samræmi við reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.	Rgl. 737/2003	
6.7	Spilliefnum skal komið til móttökustöðva. Leitast skal við að draga úr sörpmyndun og auka endurvinnslu úrgangs.	Rgl 806/1999	

Starfsleyfisskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:

- Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002, reglugerð um meðhöndlun úrgangs nr. 737/2003, reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, reglugerð nr. 415/2014 um reglugerð um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna., reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni lögum nr. 6/2002 um tóbaksvarnir, lögum nr. 93/1995 um matvæli, reglugerð nr. 103/2010 um hollustuhætti sem varða matvæli, reglugerð nr. 724/2008 um hávaða, reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn, reglugerð nr. 814/2010 um hollustuhætti á sund- og baðstöðum og byggingarreglugerð nr. 112/2012.

Reykjavík 23.03.2018



Kristín Linda Árnadóttir

STARFSLEYFISSKILYRÐI FYRIR SNYRTISTOFUR OG SKYLDA STARFSEMI

Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna hollustuhátta, sbr. lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum

1. ALMENN ÁKVÆÐI OG GILDISSVIÐ

		Rgl.nr.	Uppfyllt
1.1	Starfsleyfisskilyrði þessi gilda fyrir rekstur fyrirtækja sem veita persónulega þjónustu s.s. hársnyrtingu, snyrtingu, fót snyrtingu, förðun, trimmform, nudd, naglaásetningu, leirvafninga og aðra sambærilega starfsemi. Ef um annan starfsleyfisskyldan rekstur er að ræða samhliða, gilda um það viðeigandi starfsleyfisskilyrði.		
1.2	Starfsleyfið gildir aðeins í húsnæði sem tilgreint er í starfsleyfinu og hlotið hefur samþykki byggingarnefndar fyrir starfseminni.	941/2002 13. og 14. gr.	
1.3	Aðgangur skal vera að neysluvatni, um gæði þess gilda ákvæði reglugerðar um neysluvatn.	941/2002 14.gr. 536/2001	
1.4	Rekstraraðili ber ábyrgð á rekstri fyrirtækis að öllu leyti, þar með talið að lögum og reglum sem eiga við um starfsemina sé fylgt, sem og kröfum í starfsleyfi.	941/2002 3. og 14. gr.	

2. HÚSNÆÐI OG BÚNAÐUR

		Rgl.nr.	Uppfyllt
2.1	Húsnæði skal vera vel viðhaldið, umgengið og þrifið.	941/2002 14. gr.	
2.2	Húsnæði skal vera aðskilið frá óskyldum atvinnurekstri eða íbúð.	941/2002 14. gr.	
2.3	Gólf, veggir, loft og húsbúnaður skal gerður úr eða klæddur efni sem auðvelt er að þrifa.	941/2002 14. gr.	
2.4	Húsakynni skulu vera rúmgóð, björt, hæfilega hituð og loftræst á fullnægjandi hátt. Heitt og kalt vatn skal vera til staðar.	941/2002 14. gr.	
2.5	Læst og loftræst ræstiaðstaða skal vera til staðar. Þar skal vera nægilegt geymslurými fyrir ræstiahöld og efnavöru.	941/2002 14. gr.	
2.6	Viðskiptavinir eiga að hafa greiðan aðgang að fullbúinni snyrtingu. Um	941/2002	

	fjöldaða snyrtinga er vísað í fylgiskjal 2 í reglugerð um hollustuhætti. Handlaug með heitu og köldu vatni og tilheyrandi hreinlætisbúnaði skal vera til staðar ásamt ruslafötu með loki. Salernisklefar og anddyri skulu vera úr eða klædd efni sem auðvelt er að þrifa. Loftræsting og birta skulu vera fullnægjandi.	15. gr.	
2.7	Fatahengi þarf að vera fyrir yfirhafnir viðskiptavina.	941/2002 14. gr.	
2.8	Fyrir hvern aðgerðarstól skal ekki vera minna en 5 m ² gólfrymi.	941/2002 44. gr.	
2.9	Sérstök handlaug með fljótandi handsápu, gerlaeyði og einnota handþurrkum eða handþurrkum á rúllu skal vera í vinnurými.	941/2002 43., 44. og 45 gr.	
2.10	Borð og þvottalaug skal vera til staðar til þvotta og sóttgreinsunar á áhöldum og/eða fyrir meðhöndlun sterkra efna.	941/2002 43. gr.	
2.11	Þar sem notuð eru margnota áhöld sem snerta eða fara í gegnum húð viðskiptavina skal vera til staðar útbúnaður til dauðgreinsunar áhalda.	941/2002 43. gr.	
2.12	Á hársnyrtistofu skulu annars vegar vera sérstakar þvottalaugar til hárbvotta og hins vegar sérstakar laugar til blöndunar efna.	941/2002 44. gr.	
2.13	Á fót snyrtistofum og nuddstofum skal vera aðgengi að skolvaski.	941/2002 44. og 45. gr.	
2.14	Á nuddstofum skal vera baðaðstaða fyrir viðskiptavini þar sem við á.	941/2002 45. gr.	

3. HREINLÆTI OG ÞRIF

		Rgl.nr.	Uppfyllt
3.1	Húsnæði og öll aðstaða skal þrifu daglega eða oftar eftir þörfum. Hreinlætisáætlun skal vera skrifleg. Allsherjarhreingerning eða málun skal fara fram eftir þörfum.	941/2002 11. og 14. gr.	
3.2	Loftræsikerfi skal hreinsa og þjónusta reglulega. Þjónustuhandbók eða samsvarandi leiðbeiningar fyrir loftræsikerfi skulu vera aðgengilegar fyrir eftirlitsaðila.	941/2002 14. og 11. gr.	
3.3	Handklæði, ábreiður eða tauhlífar skal þvo við að lágmarki 60°C og geyma í lokuðum skápum eða ílátum.	941/2002 43. gr.	
3.4	Ekki má hleypa hundum, köttum eða öðrum dýrum inn í húsnæðið nema að fengnu tímabundnu leyfi heilbrigðisnefndar.	941/2002 19. gr.	
3.5	Fara skal að ákvæðum laga um tóbaksvarnir.	Lög nr. 6/2002	

4. SÓTTVARNIR

		Rgl.nr.	Uppfyllt
4.1	Ávallt skal hreinsa, sóttgreinsa og dauðgreinsa tæki og búnað með viðeigandi efnum og aðferðum.	941/2002 43. gr.	
4.2	Margnota áhöld sem snerta eða fara í gegnum húð viðskiptavinar skulu dauðgreinsuð og þökkuð á viðurkenndan hátt.	941/2002 43. gr.	
4.3	Hrein og sóttgreinsuð eða dauðgreinsuð áhöld og búnaður skal notaður við hvern viðskiptavin. Nota skal einnota dauðgreinsuð áhöld og búnað þar sem því verður við komið.	941/2002 43. gr.	
4.4	Ef upp kemur sjúkdómur eða smit meðal starfsfólks eða viðskiptavina sem ætla má að tengist fyrirtækinu ber að tilkynna atvikið til heilbrigðisyfirvalda, þ.e. sóttvarnarlæknis eða yfirlæknis heilsugæslu.	941/2002 43. gr.	

5. MATVÆLI

		Rgl.nr.	Uppfyllt
5.1	Um matvæli gilda lög nr. 93/1995 um matvæli með áorðnum breytingum og reglugerðum settum samkvæmt þeim.	Lög nr. 93/1995	

6. UMHVERFISMÁL

		Rgl.nr.	Uppfyllt
6.1	Lóð í kringum húsnæði skal vera frágengin og henni haldið hreinni.	941/2002 14. gr.	
6.2	Frágangur fráveitu skal vera fullnægjandi. Fara skal að ákvæðum reglugerðar um fráveitur og skólp eftir því sem við á.	798/1999	
6.3	Frágangur sorpílata skal vera fullnægjandi, þau heil, hrein og meindýraheld.	941/2002 14. gr.	
6.4	Oddhvössum hlutum, s.s. nálum og rakvélablöðum ásamt spilliefnum og umbúðum þeirra skal koma til viðeigandi förgunar.	806/1999	
6.5	Leitast skal við að draga úr sorpmyndun og auka endurvinnslu úrgangs.	737/2003	

Starfsleyfisskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:

Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002, reglugerð um meðhöndlun úrgangs nr. 737/2003, reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, reglugerð um spilliefni nr. 806/1999 breytt með reglugerð nr. 169/2002, reglugerð nr. 236/1990 um flokkun og meðferð eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda, sem innihalda slík efni, lögum nr. 6/2002 um tóbaksvarnir, lögum nr. 93/1995 um matvæli, reglugerð nr. 103/2010 um hollustuhætti er varða matvæli, reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn, byggingarreglugerð nr. 112/2012.

Reykjavík 04.01.2018



Kristín Linda Árnadóttir



STARFSLEYFISSKILYRÐI FYRIR SUND- OG BAÐSTAÐI

Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna hollustuhátta, sbr. lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum

1. ALMENN ÁKVÆÐI OG GILDISSVIÐ

		Rgl.nr.	Uppfyllt
1.1	Sund- og baðstaðir eru hvers konar sundlaugar úti sem inni, setlaugar, iðulaugar, kennslulaugar, varmalaugar, endurhæfingarlaugar, barnalaugar, buslaugar, köld ker, laugar á hótelum, sumardvalarstöðum og baðstofur.	L. 7/1998. 4. gr. Rgl. 941/2002, 7. gr. Rgl. 814/2010, 2. gr.	
1.2	Starfsleyfið gildir aðeins í húsnæði sem tilgreint er í starfsleyfinu og hlotið hefur staðfestingu leyfisveitanda byggingarleyfis á því að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun húsnæðisins. Skrá skal leyfilegan hámarksfjölda gesta í starfsleyfi.	Rgl. 941/2002, 13. og 14. gr. Rgl. 814/2010, 8. gr.	
1.3	Starfsleyfi skal hanga uppi á áberandi stað.	Rgl. 941/2002, 13. gr.	
1.4	Rekstraraðila ber að veita heilbrigðisnefnd upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á starfsemi sem varða ákvæði starfsleyfis með hæfilegum fyrirvara.	Rgl. 941/2002, 12. gr.	
1.5	Ef um annan starfsleyfisskyldan rekstur er að ræða samhliða gilda viðeigandi starfsleyfisskilyrði.	Rgl. 941/2002, 7. gr.	
1.6	Aðgangur skal vera að neysluvatni, um gæði þess gilda ákvæði reglugerðar um neysluvatn.	Rgl. 941/2002, 14. gr.	
1.7	Rekstraraðili ber ábyrgð á rekstri fyrirtækis að öllu leyti þar með talið að lögum og reglum, sem eiga við um starfsemina sé fylgt sem og kröfum í starfsleyfi. Farið skal að ákvæðum reglugerðar nr. 814/2010 um hollustuhætti á sund- og baðstöðum, eftir því sem við á. Þá skal rekstri hagað í samræmi við handbók fyrir sund- og baðstaði frá 2012 og öryggishandbók fyrir sund- og baðstaði frá 2013.	Rgl. 941/2002, 13. og 14. Rgl. 814/2010, 4. gr. og 17. gr.	

2. HÚSNÆÐI OG BÚNAÐUR

		Rgl.nr.	Uppfyllt
2.1	Mannvirki og búnaður á sund- og baðstöðum skal þannig gerður og viðhaldið að fyllsta öryggis og þrifnaði verði komið við.	Rgl. 814/2010, 8. gr.	
2.2	Húsakynni skulu vera rúmgóð, björt, hæfilega hituð og loftræst á fullnægjandi hátt.	Rgl. 814/2010, 8. gr., Rgl. 941/2002, 14. gr.	
2.3	Gólfefni skal uppfylla viðeigandi staðla um hálkuvíðnám.	Rgl. 814/2010, 8. gr.	
2.4	Greiður aðgangur skal vera að drykkjarvatni á sundstöðum þar sem sundkennsla fer fram.	Rgl. 941/2002, 14. gr.	
2.5	Umhverfis laug skal vera a.m.k 1,5 m breitt steipt eða hellulagt svæði eða annað sambærilegt yfirborðsefni sem auðvelt er að ræsta og sótthreinsa. Gönguleiðum við útilaugar skal halda frostfríum og lýsing við laugar skal vera góð.	Rgl. 814/2010, 8. gr.	
2.6	Gestir skulu hafa aðgang að fullbúinni snyrtingu, sem er loftræst með opnanlegum glugga eða vélrænni loftræsingu. Ruslafata með loki skal vera í hverju salernisrými. Þar sem samtímis geta dvalið allt að 50 gestir skal vera a.m.k. eitt salerni ásamt handlaug fyrir hvort kyn. Fyrir hverja 100 gesti til viðbótar bætist við eitt salerni fyrir hvort kyn.	Rgl. 941/2002, 15. gr. Rgl. 8148/2010 8. gr.	
2.7	Gestir skulu eiga greiðan aðgang að búnings- og baðaðstöðu. Í baðaðstöðu skulu gestir hafa aðgang að fljótandi sápu og aðstaða skal vera til að sinna ungbörnum á öruggan hátt. Í búningsaðstöðu skal miða við a.m.k. 0,5 m ² fyrir hvern gest. Þar skal einnig vera greiður aðgangur að fullbúinni snyrtingu.	Rgl. 814/2010 9. gr.	
2.8	Í baðaðstöðu skulu vera fyrirmæli um að gestir þvoi sér án sundfata áður en gengið er til laugar. Aldrei skulu vera færri en tvær sturtur fyrir hvort kyn og þrjár á þeim stöðum þar sem sundkennsla fer fram. Við mat á nauðsynlegum fjölda sturta skal miða við það að hver sturta sé notuð af 12 manns á klukkustund. Aðgangur skal vera að salerni við sturtur það sem það á við.	Rgl. 814/201, 9. gr.	
2.9	Læst og loftræst ræstiaðstaða með skolvaski skal vera til staðar. Þar skal vera nægilegt geymslurými fyrir ræstiahöld og efnavöru.	Rgl. 941/2002, 14. gr.	

2.10	Vatnshiti í sturtum og handlaugum skal ekki vera hærra en 43°C og skal það tryggt með sjálfvirkum hitastýrðum blöndunartækjum og segulloka eða öðrum sambærilegum búnaði.	Rgl. 814/201, 12. gr.	
2.11	.Í baðaðstöðu skulu gestir hafa aðgang að mildri fljótandi húðsápu og aðstaða skal vera til að sinna ungbörnum á öruggan hátt.	Rgl. 814/2010, 9. gr.	
2.12	Geymslur skulu vera fyrir færanleg tæki og búnað og gengið frá þannig að ekki stafi hætta af.	Rgl. 941/2002, 14. gr.	

3. HREINLÆTI OG ÞRIF

Rgl.nr.
Uppfyllt

3.1	Á sund- og baðstöðum skulu vera skriflegar verkáætlanir sem segja til um framkvæmd og tíðni þrifa.. Allar upplýsingar og skráningarskulu vera aðgengilegar fyrir eftirlitsaðila.	Rgl. 814/2010 7. gr.	
3.2	Húsnæði og öll aðstaða skal þriffin daglega eða oftar eftir þörfum. Hreinlætisáætlun skal fela í sér umgengnisreglur og áætlanir eftir því sem við á, s.s. um meindýravarnir, þrif og gerileyðingu. Allsherjarhreingerningu skal gera minnst árlega. Við þrif er nauðsynlegt að nota efni sem henta hverju sinni t.d. vegna útfellinga sem geta myndast við blöndun á jarðhitavatni og köldu vatni.	Rgl. 941/2002, 11. og 14. gr. gr.	
3.3	Gólfefni og frágangur húsnæðis skal vera þannig að þrif séu auðveld.	Rgl. 941/2002, 14. gr.	
3.4	Þrif skulu vera fullnægjandi, leitast skal við að nota umhverfisvæn efni þar sem því verður við komið og forðast óþarfa notkun á efnavöru.	Rgl. 941/2002, 18. gr.	
3.5	Loftræsikerfi skal hreinsa og þjónusta reglulega. Þjónustuhandbók eða samsvarandi leiðbeiningar fyrir loftræsikerfi skulu vera aðgengilegar fyrir eftirlitsaðila.	Rgl. 941/2002, 11. Gr og 14. gr.	
3.6	Reykingar eru bannaðar þar sem almenningur leitar þjónustu.	Lög nr. 6/2002.	
3.7	Ekki má hleypa hundum, köttum eða öðrum dýrum inn í húsnæðið.	Rgl. 941/2002, 19.gr.	
3.8	Gæta skal fyllsta hreinlætis og snyrtimennsku. Allur búnaður skal vera hreinn og heill.	Rgl. 941/2002, 14. gr.	

4. MATVÆLI

4.1	Um matvæli gilda lög nr. 93/1995 um matvæli með síðari breytingum og	Lög nr. 93/1995	
-----	--	--------------------	--

reglugerðum settum samkvæmt þeim.		
-----------------------------------	--	--

5. HEILNÆMI VATNSINS

		Rgl.nr.	Uppfyllt
5.1	Baðvatn í laugum skal hreinsað og sótthreinsað á viðurkenndan hátt samkvæmt ákvæðum í reglugerð um hollustuhætti á sund- og baðstöðum.	Rgl. 814/2010, 17. gr.	
5.2	Hvorki er gerð krafa um hreinsibúnað né sótthreinsun í köldum kerjum, með hitastig á bilinu 0-16°C, ef hægt er að tryggja heilnæmi vatnsins á annan hátt. Heilnæmi vatns í köldum kerjum skal uppfylla kröfur reglugerðarinnar.	Rgl. 814/2010, 4. gr.	
5.3	Styrkur klórs, sýrustig, endurnýjunarhraði og síunarhraði vatns í laugum, skal vera í samræmi við II. viðauka og önnur ákvæði ofangreindrar reglugerðar.	Rgl. 814/2010, 17. gr.	
5.4	Í þeim laugum þar sem sjálfvirk miðlun, gát og skráning er á klór og sýrustigi skal samanburðarmæling gerð á fríum og bundnum klór ásamt sýrustigi a.m.k. daglega. Skal sú mæling skráð sérstaklega. Þar sem slík sjálfvirkni er ekki til staðar skal mæling og skráning fara fram a.m.k. fjórum sinnum á dag þegar aðsókn er mikil og a.m.k. tvisvar á dag þegar aðsókn er lítil. Magn frís klórs, bundins klórs og sýrustig skal vera í samræmi við II. viðauka reglugerðar um hollustuhætti á sund- og baðstöðum.	Rgl. 814/2010, 17. gr.	
5.5	Búnaður og tæki til vatnshreinsunar skulu yfirfarinn a.m.k. árlega. Viðhaldsskrá skal vera aðgengileg heilbrigðiseftirliti.	Rgl. 814/2010, 7. gr.	
5.6	Örveruinnihald í laugarvatni skal standast kröfur IV.viðauka ofangreindrar reglugerðar.	Rgl. 814/2010 IV. viðauki	

6. ÖRYGGI OG SLYSAVARNIR

		Rgl.nr.	Uppfyllt
6.1	Á sund- og baðstöðum skal vera til staðar neyðaráætlun, viðbragðsáætlun og öryggisreglur og skulu allir starfsmenn upplýstir um þær. Öryggisreglur skulu vera sýnilegar gestum öryggismerkingar skulu vera í samræmi við leiðbeiningar Umhverfisstofnunar.	Rgl. 814/2010, 11. gr.	
6.2	Á sund- og baðstöðum skal vera til staðar tiltækur viðurkenndur búnaður til skyndihjálpar. Skal sá búnaður yfirfarinn reglulega og starfsmenn,	Rgl. 814/2010, 11. gr.	

	sundkennarar og sundþjálfarar þjálfaðir í notkun hans ásamt viðbrögðum við neyðartilvikum a.m.k. einu sinni á ári.		
6.3	Gerð er krafa að starfsmenn geti veitt skyndihjálp ef slys ber að höndum. Starfsmenn sundstaða sem sinna laugargæslu skulu árlega gangast hæfnispróf sundstaða. Samanber viðauka III í reglugerð. Allir starfsmenn sundlauga skulu hafa sótt skyndihjálparnámskeið og það endurtekið eigi sjaldnar en annað hvert ár.	Rgl. 814/2010, 15. gr.	
6.4	Yfirsýn laugarvarða yfir laugarsvæðið skal tryggð, hægt er að styðjast við spegla og myndavélar til að tryggja þá yfirsýn. Laugargæsla hverrar laugar fyrir sig skal skilgreind í innra eftirliti.	Rgl. 814/210 11. gr.	
6.5	Lyf og hættuleg efni skulu geymd í læstum hirslum. Efnavara skal merkt á fullnægjandi hátt. Öryggisleiðbeiningar fyrir hættuleg efni skulu vera aðgengilegar.	Rgl. 941/2002, 14.gr.	
6.6	Einstaklingum undir áhrifum áfengis eða annarra vímuefna er ekki heimill aðgangur að sund- og baðstöðum.	Rgl. 814/2010, 14. Gr.	
6.7	Merkja skal greinilega hitastig í setlaugum og köldum kerjum og aðra þætti varðandi öryggi og slyshættu, svo sem dýpi lauga, hættu við dýfingar, hálfu á laugarbökkum og annað það sem nauðsynlegt þykir vegna öryggis sundgesta. Merkingar skulu vera greinilegar og staðsettar þannig að laugargestir komist ekki hjá því að sjá skiltin. Merkingar skulu taka mið af leiðbeiningum Umhverfisstofnunar (sjá viðauka II).	Rgl. 814/2010, 12. gr.	
6.8	Leiktæki og annar búnaður sem notaður er skal vera í lagi og þrífinn á fullnægjandi hátt samkvæmt hreinlætisáætlun.	Rgl. 814/2010, 8. gr.	
6.9	Skrá skal óhöpp og slys á þar til gerð eyðublöð (sjá www.ust.is). Skráningar skulu vera aðgengilegar heilbrigðiseftirliti.	Rgl. 814/2010, 15. gr.	
6.10	Þannig skal gengið frá setlaugum að ekki sé hætta á að börn geti dottið í þær.	Rgl. 814/2010, 8. gr.	
6.11	Armakútar eða sundjakkar sem hæfa notendum skulu vera til láns eða leigu. Skal búnaðurinn yfirfarinn reglulega	Rgl. 814/2010 13. gr.	
6.12	Auðkennismerki s.s. sundhettur, armbönd eða sambærileg auðkenni skulu vera til staðar til að auðkenna barnahópa þegar við á.	Rgl. 814/2010 13. gr.	
6.13	Stærð og lögun niðurfallsrista og rista yfir útsogsopum skal vera þannig að ekki sé hætta á að fólk geti sogast fast við þær. Til að tryggja slíkt þurfa ristar að hafa það stórt flatarmál að mannslíkami geti ekki undir neinum kringumstæðum lokað niðurfallsrist. Einnig getur lögun	Rgl. 814/2010, 8. gr.	

	ristarinnar verið þannig að ekki sé hægt að festast við hana, t.d. kúpt eða sögi álíka mikið til hliðar og að framan. Göt á niðurfallsrist og útsogsristum mega ekki vera stærri en 8 mm.		
6.14	Sérstaka varúð skal viðhafa vegna hálfu við set- og iðulaugar, æskilegt er að gönguleiðum sé haldið frostfríum. Flísar sem notaðar eru á laugarbökkum, steypiböðum og þar sem við á skulu uppfylla kröfur um hálfkuviðnám og þær skal vera auðvelt að þrifa.	Rgl. 814/2010, 8. gr.	
6.15	Innstreymi í laugar skal ekki vera heitara en 55°C þegar það er tekið til blöndunar með köldu vatni og skal það tryggt með segulrofa eða sambærilegri lausn.	RglRgl. 814/2010, 12. gr.	
6.16	Áhættumat í samræmi við Öryggishandbók fyrir sund- og baðstaði skal liggja fyrir og skal samantekt þess vera aðgengilegt eftirlitsaðila.	Rgl. 814/2010 7. gr.	


7. LÓÐ OG UMHVERFISMÁL

		Rgl.nr.	Uppfyllt
7.1	Aðkoma og lóð skulu vera hrein og snyrtileg og uppfylla almenn öryggissjónarmið.	Rgl. 941/2002, 14. gr. og 18. gr.	
7.2	Leitast skal við að draga úr sorpmyndun og auka endurvinnslu úrgangs. Spilliefnum skal komið til viðurkenndra móttökustöðva.	Rgl. 806/1999	
7.3	Gæta skal þess að gestir verði ekki fyrir ónæði s.s vegna hávaða og mengunar frá bílum í lausagangi.	Rgl.941/20 02., 3. og 22.gr.	
7.4	Fara skal eftir ákvæðum reglugerðar um fráveitur og skólþ eftir því sem við á.	Rgl. 798/2002.	
7.5	Við hreinsun og losun vatns úr laugum skal fara að ákvæðum reglugerðar um hollustuhætti á sund- og baðstöðum.	Rgl. 814/2010, 12. gr.	
7.6	Leitast skal við að nota umhverfisvæn efni til þrifa o.þ.h. þar sem því verður við komið og forðast óþarfa notkun á efnavöru.		
7.7	Starfsemin má ekki valda ónæði, sem er veruleg og ítrekuð truflun eða áreiti sem tilheyrir ekki því umhverfi sem um ræðir, s.s. vegna óþrífnaðar, ólyktar, hávaða eða titrings.	Rgl.941/20 02., 3. og 22.gr.	
7.8	Fjöldi sorpílata skal vera í samræmi við umfang starfsemi og skal staðsetning þeirra, frágangur og umhirða vera í samræmi við reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.	Rgl. 737/2003	

Starfsleyfisskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:

- Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002, reglugerð um meðhöndlun úrgangs nr. 737/2003, reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, lögum nr. 6/2002 um tóbaksvarnir, lögum nr. 93/1995 um matvæli, reglugerð nr. 103/2010 um hollustuhætti sem varða matvæli, reglugerð nr. 724/2008 um hávaða, reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn, reglugerð nr. 814/2010 um hollustuhætti á sund- og baðstöðum og byggingarreglugerð nr. 112/2012.

Reykjavík 06.04.2018



Kristín Linda Árnadóttir

Viðauki I: Öryggisbúnaður á sund- og baðstöðum

Listi þessi er byggður á mati skyndihjálpar- og endurlífgunarráðs Rauða Kross Íslands frá árinu 2012.

Búnaður til endurlífgunar

- Súrefnistæki með stillanlegu flæði (1 til 15 lítrar) sem tengja má við blástursmaska. Ef langt er í aðstoð getur þurft auka 5 lítra súrefniskút.
- Kokrennur, 5 til 6 stærðir.
- Blástursmaski.
- Einnota blástursplast, hluti af persónulegum búnaði hvers starfsmanns.
- Öndunarbelgur, til afnota fyrir faglærða aðila á staðnum.
- Hjartastuðtæki (AED), er æskilegur búnaður. Þyrfti að geta stuðað börn og fullorðna. Þörf fyrir þennan búnað eykst með aukkin fjarlægð frá bráðahjónustu. Athuga þarf að nauðsynlegir fylgihlutir hjartastuðtækis séu tiltækir og ferli til að tryggja að rafhlöður og „paddsar“ séu ekki útrunnir.
- Einfalt sogtæki (fyrir faglærða á staðnum). Ýmist getur verið um að ræða handsog, fótsog eða rafdrifið sogtæki.

Búnaður til björgunar

- Björgunarsveigur er nauðsynlegur í öllum laugum sama hversu djúpar þær eru.

Búnaður til aðhlyningar

- Sjúrakassi
- Flotbakbretti með minnst þremur ólum eða frönskum rennilás sem ekki límast saman í vatni. Höfuðpúðar á brettið eru nauðsynlegir.
- Kragar, stífir og stillanlegir fyrir alla aldurshópa.
- Teppi
- Samspelkur 2 stk, auk þess 4 stk 8 sm teygjubindi til að festa samspelkuna
- Hlífðargleraugu,
- Burn Free 20 x20
- 10 x 10 og plastfilmu

Viðauki II um merkingar.

Almennt: Stærð og gerð merkinga/skilta skal taka mið að leiðbeiningum

Umhverfisstofnunar sem hægt er að finna á heimasíðu stofnunarinnar, www.ust.is

<https://ust.is/atvinnulif/hollustuhaettir/sundstadir/oryggismerkingar/>

Merkingar/skilti skulu staðsett þannig að gestir komist ekki hjá því að taka eftir þeim.

Frístandandi skilti skulu vera í 1,0m hæð.

Lágmarksstærð skilta er 35cm.

Yfirlitskort:

Teikning af helstu aðstöðu innandyra fyrir gesti ásamt laugarsvæði (staðsetning lauga, baðstofa, rennibrauta o.fl. eftir því sem við á). Einnig skal merkt hvar dýfingar eru bannaðar og hvar neyðarútgangar eru (skulu merktir með grænu EXIT merki/neyðarútgangsmarki).

Staðsett í anddyri/inngangi sund- og baðstaða

Öryggisreglur:

Reglur sem rekstraraðili setur sér til að stuðla að öryggi gesta.

Staðsett í anddyri/inngangi sund- og baðstaða

Auðkennismerki:



Merki sem minnir á að hópar barna skuli auðkennismerktir.

Staðsett í anddyri sund- og baðstaða.

„Sundlaugarkallinn“



Merki sem minnir gesti á að þvo sér án sundfata áður en farið er í laug


Staðsett í búnings- og baðaðstöðu sund- og baðstaða.




Hálkuviðvörðun:






Skal vera þar sem hætta er á hálku eða sleipu gólfi eða öðru þar sem fólk gæti dottið vegna þessa.

Staðsett þar sem við á hverju sinni.

Botn dýpkar hratt		
	<p>Skal vera þar sem botn sundlauga eða annarra laugarbotn hallar bratt, eða ef jafnt hallandi botn, þá við miðja langhlið.</p>	<p>Staðsett á laugarbakkanum þar sem við á.</p>

Hitastigsmerking:			
 <p>34° C</p>	 <p>39° C</p>	 <p>44° C</p>	<p>Hitastig í öllum gerðum lauga skal merkt hjá viðkomandi laug.</p>
<p>Hitastigsmerkingum skal breytt til samræmis við hitastig lauganna sem það stendur hjá.</p>			

Dýptarmerkingar			
 <p>< 1,2m</p>	 <p>> 3m</p>	<p>Skilt er að merkja dýpi lauga þegar það er minna en 1,5m eða yfir 3,0m.</p> <p>Valfrjálst er að merkja aðrar dýptir á laugum.</p>	<p>Staðsett á laugarbakkanum þar sem við á.</p>

Dýfingar bannaðar		
	<p>Skal staðsett þar sem dýfingar eru bannaðar t.d. í grynri enda lauga, í stórum vaðlaugum.</p>	<p>Staðsett á laugarbakkanum þar sem við á.</p>

Aðrar merkingar:

Merkingar vegna vatnsrennibrauta eru á höndum Vinnueftirlitsins.

Neyðarútgangar og þættir sem tengjast brunavörnum eru í höndum Brunavarna.